

Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á [lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006](#) (strandveiðar).

Mál nr. 429, þingskjal nr. 611.

Ágætu nefndarmenn í atvinnuveganefnd Alþingis.

Ég undirritaður er starfandi skipa- og kvótamiðlari, hef einnig gert út bát í krókakerfinu undanfarin ár og hef orðið nokkra reynslu af þessum málum er snúa að trilluútgæði.

Ég fagna þessu framkomna frumvarpi heilshugar en tel að á því séu nokkrir annmarkar sem ég hygg að nefndarmenn hafi ekki allir séð fyrir.

Ég verð fyrst að gera alvarlegar athugasemdir við framlagningu frumvarpsins og efnistöð í því.

Það er boðað í frumvarpinu að tryggja skuli öllum bátum 12 daga og að ufsi skuli vera undanþeginn dagsskammti.

Í engu er getið um það í frumvarpinu eða í greinargerð með því að til standi að landið verði allt eitt svæði. Það atriði er mikið meira mál fyrir allan megin þorra strandveiðimanna en það hvort þeir fá 12 daga eða geti fengið að veiða ufsa sem meðafla.

Til að fá vissu mín í þessu efnum hef ég þurft að flétta upp á fésbókarsíðu nefndarformanns.

Það er algjörlega ótækt að frumvarp til laga sé lagt fram á Fésbókinni.

Það mun án efa breyta umhverfi strandveiða að setja landið allt í einn pott? Menn munu flakka á milli og fara þangað sem mest er von á afla með sem minnstri fyrirhöfn.

Þeir verða án efa kátir með það fyrir vestan en síður á Suðurnesjum.

Ég er búinn ræða þetta við marga í þessum geira og flestir eru á því að einn pottur yfir allt landið sé óásættanlegur fyrir alla nema þá sem eru á svæði A í dag.

Ég mæli eindregið með að svæðaskiptingunni verði haldið við líði og viðbótin í aflamagni verði sett á A svæði að mestu. Þá verði hægt að loka hverju svæði fyrir sig ef afli fer yfir þau mörg sem sett eru.

Það er alveg ljóst að mun fleiri sjómenn yrðu sáttari við það fyrirkomulag.

Varðandi ufsa sem meðafla.

Það er án efa góður vilji á bak við það að gefa mönnum færi á að landa ufsa sem meðafla á strandveiðum án þess að það hafi áhrif á dagskammt í þorski.

Það er hinsvegar frekar litlar líkur til þess að menn fari að landa ufsa upp á þau bítti að Hafró fái 80%, ríkið og fisksöluaðilar 20% í formi skatta af aflaverði og sjómaðurinn greiði með hverju einasta kíló.

Ég vil að lokum þakka ykkur gott starf.

Ég legg fram einlæga ósk um að þessu verki verði lokið á þessu þingi og þeir annmarkar sem eru á frumvarðinu verði sniðnir af.

Með kærri kveðju
Vilhjálmur Ólafsson
Lögg. Fasteigna- fyrirtækja- og skipasali



Suðurlandsbraut 30 4. hæð
108 Reykjavík
Ísland/Iceland



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 10. apríl 2018
1803050 GBS

Efni: 429. mál Frumvarp til alga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006
(strandveiðar)

Á 20. fundi Atvinnu- og menningarráðs Vesturbyggðar mánudaginn 9. apríl sl. var eftirfarandi bókað.

Atvinnu- og menningarráð Vesturbyggðar fagnar tilkomu nýs frumvarps atvinnuveganefndar um strandveiðar og tekur undir bókun strandveiðifélsgsins Króks. Í frumvarpinu er leitast við að efla strandveiðikerfið, auka öryggi og jafnræði milli svæða. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir auknum aflaheimildum sem lengi hefur verið kallað eftir. Strandveiðar eru mikilvægur þáttur í flóru atvinnulífs í Vesturbyggð.

Virðingarfyllst,

Gerður B. Sveinsdóttir,
ritari Atvinnu- og menningarráðs Vesturbyggðar

Þessi tillaga um 12 daga í mánuði er galin svo maður tali nú ekki með svæðaskiptingu og heildarpott. Fyrir svæði eins og Norðurfjörð þýðir það dauðadóm því menn hafa lagt það á sig að flytja þangað báta sína og róa þaðan því þar hafa menn haft tækifæri á því að róa fleiri daga (60 dagar í fyrra) og fá þannig meiri afla. Þetta byggist á því að margir rói þaðan og komi með talsverðan afla að landi (25-30 bátar hafa verið þar) ef þessi hvati er tekin af svæðinu þá róa menn bara annarsstaðar frá með sína 12 daga og útgerð leggst af þarna því þó að kannski 4- 6 bátar rói hugsanlega þar í sumar þá kemur spurningin fer einhver að skröлта á flutningarbíl daglega eftir kannski 4 tonnum? Nei auðvitað ekki. Ef það er einbeittur vilji að leggja þetta kerfi í rúst þá skulu menn að minnsta kasti afnema svæðin fyrst menn hafa heildarpott því þá geta menn fært sig til ef spáir langvarandi brælu á einu svæðinu en ekki hinu við hliðina.

Um öryggið er það að segja að einhverjir munu örugglega drepa sig ef þessu verið breytt. Menn geta rétt ímyndað sér t.d að það er mokveiði og blíða á A svæði og bræla á B svæði og menn sjá heildarpottinn minnka og tekin á öðrum svæðum og hvað gera menn þá ? Auðvitað róa menn í brælum sem aldrei fyrr. Ég er eiginlega að pæla í því hvar þessi snilldarhugmynd um að eyðileggja þetta strandveiðikerfi eigi lögheimili því þegar hefði átt að bæta í og laga það þá er lagt í þessa eyðimerkurgöngu.

Elías Svavar Kristinsson Dröngum Árneshreppi

Ég vil að þið athugið að þegar strandveiðum líkur og veiðum lokið að heimila þá þegar aðrar veiðar þannig að þeir sem eru með byggðakvóta geti snúið sér strax að hinum og þurfi ekki að bíða með að veiða hann fram í september ef strandveiðum líkur t.d um miðjan Ágúst .Þetta er eiginlega nauðsynlegt vegna flutninga og ísframleiðslu og annars eins og á Norðurfirði og eflaust miklu víðar.

Elías Svavar Kristinsson Dröngum Árneshreppi

Sæl Viktoría/og nefndasvið Alþingis.

Ekki skil ég alveg hvert er verið að fara með þessum skrifum, ert þú að senda yfirlýsingu fyrir hönd allra trillukarla á Ströndum til nefndasviðs Alþingis??? Mér vitanlega hafa ekki verið haldnir neinir fundir meðal strandveiðimanna um hvað helst sé til ráða. Ég hef sjálf verið í samskiptum við þingmenn NV-kjördæmis varðandi þetta mál frá því um páska. Miðað við að bátar hér norður frá gátu farið á sjó í öllum vikum maí, júní og júlí og 8 -10 daga í ágúst 2017 telst okkur til að sóknardögum hérna frá Norðurfirði myndi fækka um allt að 10!!!!

Formaður Atvinnumálanefndar þingsins hefur í skrifum sínum til mín haldið mjög á lofti þessari nýju breytingu, þannig að hún virðist ganga erinda ráðuneytisins þaðan sem þessar hugmyndir eru runnar. Svæði C og D eiga við sama vanda að etja, það er því eingöngu verið að gera hlut A svæðis betri, en ekki hugsað um hvað dreifbýlari svæði landsins sitji uppi með í sínu mjög svo fábreytta atvinnulífi. Hvað varðar lágt fiskverð berast böndin að þeirri krumlu sem stórútgærðin hefur í reynd á öllum fiskveiðum, og það er álit okkar hérna norður í Árneshreppi, að þar sé miklu frekar skýringuna að finna á lágu fiskverði, en því að menn séu að veiða hér þarabýrskling uppi í fjörum. En þó að okkur greini kannski á um aðferðir, stýringar og ástæður fyrir þessu öllu saman, en það þó deginum ljósara að við hér norður í nyrstu byggð á Ströndum og komin inn í Brothættar byggðir, teljum að ríkisvaldið eigi að standa sig betur hvað varðar að leita lausna sem ekki eru láttnar vera nákvæmlega eins hvar sem er á landinu. Ég ef farin að kalla eftir jákvæðri mismunum, sú neikvæða mismunum sem jaðarbyggðir eins og Árneshreppur hefur búið við áratugum saman, kallar á nýja hugsun og nýjar úrlausnir.

Vinsamlegast,

Eva Sigurbjörnsdóttir,

oddviti Árneshrepps.

Umsögn um þingskjal 611 – 429 mál.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Nr 116/2006 strandveiðar.

Fyrir hönd Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir ég andstöðu við þá hluta frumvarpsins sem fjalla um stöðvun strandveiða þ.e. í 1 gr annarri málsgrein „*stöðvað strandveiðar þegar sýnt er að heildarafli strandveiðibáta fari umfram það magn*“. Það er afar brýnt að halda svæðaskiptinu þeirri sem hefur verið notuð síðan strandveiðar hófust til að tryggja að veður og misjöfn aflabrögð komi ekki í veg fyrir að einstakir landshlutar verði ekki af allri veiði, þ.e. að heildarafli sem ætlaður er til strandveiða verði ekki búinn áður en strandveiðimenn einstakra landshluta sem vegna veðurs og/eða lítillar veiði hafi komist á sjó.

Lagt er til að sú breyting sem lögð er til gildi einungis um eitt svæði strandveiða, svæði A.

Greinargerð:

Á árinu 2017 var upphafsviðmiðunarafli 9.200 tonn sem dugði í maí, júní og júlí fyrir svæði B, C og D. Í ágúst var viðmiðun hækkuð um 560 tonn. Aflaviðmiðun dugði fyrir svæði D, en ekki á öðrum svæðum. Veiðidagar í ágúst urðu 10 talsins á svæðum B og C, en 8 á svæði A.

Samkvæmt útgefinni reglugerð 607/2017 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2017/2018 verður upphafsviðmiðun til strandveiða 10.200 tonn. Ætla má að það verði til að veiðidögum á svæðum B og C fjölgi um tvo í ágúst, verði 12 af 17 leyfilegum.

Þegar framangreint er haft í huga telur Félag smábátæigenda á Austurlandi að sú tilraun sem frumvarpið gerir ráð fyrir nái einungis til A svæðis. Viðbótarafli 1.000 tonn (sem frumvarðið gerir ráð fyrir að verði til aukningar á veiðiheimildum til strandveiða verði farið í tilraun til breytinga á strandveiðum til ein árs) fari óskiptur til að auka veiðiheimildir á því svæði og heimildum (10.200 tonn) sbr. reglugerð 607/2017 verði skipt upp með sama hætti og verið hefur.

Það er óbreytt skoðun Félags smábátæigenda á Austurlandi að veiðikerfi til strandveiða eigi að vera 4 dagar í viku, frá maí til ágúst. Það markmið hefur náðst á svæði D og er langleiðina að nást á svæðum B og C. Tilraun til breytinga eigi því eingöngu að ná til svæðis A og nefnd aukning um 1.000 tonn gangi óskipt til hækkunar aflaviðmiðunar þar.


Félag smábátæigenda á Austurlandi fagnar þeirri breytingu á ufsa sem VS afla. Á grundvelli þess að 35 þúsund tonn af veiðiheimildum í tegundinni hafa ekki nýst á síðustu þremur fiskveiðiárum leggur félagið til að allur ufsi sem veiddur verður á strandveiðum 2018 teljist ekki með til útgefinnar viðmiðunar til strandveiða.

Borgarfirði eystra 4. apríl 2018.

Ólafur Hallgrímsson formaður

oli.a.hall@gmail.com

S.893 2187



Alþingi
Atvinnuveganefnd

Akureyri, 09.04.2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar)

Vísað er til erindis sem barst Fiskistofu hinn 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint málefni.


Fiskistofa telur ákveðna mótsögn í 2. mgr. 6. gr. a núverandi laga og nýja bráðabirgðaákvæðinu í frumvarpinu. Í 2. mgr. 6. gr. a er talað um að Fiskistofa skuli stoppa veiðar ef heildarmagni mánaðarins á hverju svæði er náð, en í bráðabirgðaákvæðinu er talað um að Fiskistofa skuli stöðva strandveiðar þegar sýnt er að heildarafli strandveiðibáta fari umfram heildarmagn ársins skv. almennu reglugerðinni 607/2017. Miðað við þetta má ganga út frá að bæði ákvæðin gildi og því verði stoppað í hverjum mánuði eftir að magn mánaðarins klárast. Það þýðir í raun áframhald núverandi kerfis, nema að dögnum sem skip geta veitt á svæðum þar sem magnið klárast ekki, myndi fækka, og líklegt að það verði meiri afgangur í lok fiskveiðiársins. Ef aðeins er miðað við bráðabirgðaákvæðið þá hefði hvert skip leyfi til að veiða í 12 daga í hverjum mánuði, óháð heildarmagni og svæði þar til heildarmagnið er búið. Almenn er veiði betri fyrstu mánuðina á ákveðnum svæðum og því yrði mikil ásókn í að stunda veiðar á þeim svæðum og þeir sem eftir eru á hinum svæðunum fá minni veiði.

Fiskistofa telur þessa stöðu óljósa, þar sem ljóst þykir að ekki sé hægt að miða við mánaðarlegt magn og árlegt magn á sama tíma.

Fiskistofa telur það ekki skýrt miðað við framkomið frumvarp hvort áfram verði miðað við svæðaskiptingu þá er kemur fram í 2. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, eða hvort af því verði látið. Mikilvægt er að það verði skýrt.

Fiskistofa telur jafnframt mikilvægt að hugsað verði út hvernig fara eigi með óskir aðila um undanþágur, ef bátar bila eða verða af öðrum ástæðum óvirkir til veiða, eða í þeim tilfellum þar sem heildarafli mánaðarins er búinn áður en aðili nær sínum 12 dögum. Fá aðilar þá leyfi til að fjölga dögum í mánuðinum á eftir eða á næsta tímabili, eða fellur sá réttur aðila niður við hver mánaðarmót?

Fiskistofa vekur athygli á 4. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, en þar segir að frá útgáfudegi strandveiðileyfis sé fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þegar aðilar hætta strandveiðum eiga þeir ekki kost á annarri veiði fyrr en 1. september. Upp gæti komið sú staða að aðilar verði búnir með það magn sem þeir mega veiða vel fyrir 1. september, þá sé staðan sú að fjöldi báta er með strandveiðileyfi en engar heimildir til veiða fyrr en 1. september.



FISKISTOFA

TRUST FRANKFURT - BERLIN

stími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa bendir jafnframt á að í lokamálslið bráðabirgðaákvæðisins segir að hverju strandveiðiskipi sé heimilt að landa ufsa sem VS-afla, og teljist sá afli ekki til hámarksafla skv. 5. tölul. 5. mgr. 6. gr. a.

Það er ekkert sem heitir VS afli í lögnum þó það gangi almennt undir því heiti. Fiskistofa leggur til að notaður verði sambærilegur texti og er í 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

Fiskistofa er reiðubúin að funda um efni umsagnarinnar, sé eftir því óskað.

F.h. Fiskistofu

Margrét Kristín Helgadóttir

0101



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagata
105 Reykjavík

Fjarðabyggð, 24. apríl 2018
Tilvísun 1804095/10.1

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar)

Sveitarfélagið Fjarðabyggð leggur fram meðfylgjandi afstöðu og umsögn um ofangreint frumvarp.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð fagnar þeim breytingum sem lagðar eru fram um sóknartíma. Ljóst er að hlutur strandveiða er mikilvægur fyrir fiskmarkaði og bolfiskvinnslur og tryggir gæðahráefni, sérstaklega yfir sumartímann.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð leggur til að svæðisskipting verði með óbreyttum hætti til að ekki komi til skerðingar afla á svæði sveitarfélagsins. Til þess að svo sé þarf að vera tryggt að tekið verði tillit til göngu fiskistofna um veiðisvæði landsins.

Mikilvægt er að tækifæri aðila í Fjarðabyggð, sem og á Austfjörðum öllum, verði hin sömu til veiða á því tímabili sem lögin ná til. Einnig er mikilvægt að meginmarkmið laganna um sókn á föstum dögum, leiði til jafnari vinnslu yfir hvern mánuð en með því verði aukið við byggðafestu og um leið tækifæri til nýliðunar í greininni.

Virðingarfyllt

611 frumvarp nefndar, atvinnuveganefnd, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Kæri viðtakandi,

Í fyrsta lagi vil ég lýsa ánægju minni með framkomið frumvarp frá Atvinnuveganefnd um breytingar á strandveiðinni. Að mínu mati er þetta skynsamleg lausn, þar sem allir sem stunda þessar veiðar geta sætt sig við, allir sitja við sama borð hvað varðar fjölda veiðidaga og sókn í aflamagn.

Hér að neðan hef ég búið til tvær töflur, önnur merkt nr. 7 sem sýna meðaltals veiðin eins og hún var 2017 og hin merkt nr. 8 sem sýnir meðaltals veiðin 2018, nái frumvarpið fram að ganga. Auk þess eru töflur merktar frá nr. 1 til 6 sem fylgdu svari Landbúnaðar og sjávarútvegsmálaráðherra, Hr. Kristjáns Þórs Júlíussonar við spurningu frá Bjarna Jónssyni varðandi strandveiðarnar.

Miðað við sömu forsendur frá 2017 er verið að auka veiðiheimildirnar úr 9,760 tonnum í 11,200 tonn, sem er um 14,75% aukning. Auk þess er verið að breyta sóknardögum í tólf fyrir hvern mánuð eða samtals 48 sóknardaga yfir sumarið, jafn margir dagar á öll svæði, jafnræði fyrir alla. Aflamagninu er ekki skipt niður á svæði heldur sækja allir í sama heildaraflamagnið.

Tekið af vef félags smábátæigenda;

„Samkvæmt viðtali við Lilju Rafneyju formann atvinnuveganefndar Alþingis í hádegisfréttum RUV 25. mars verður potturinn 11.200 tonn sem eru 2.000 tonnum meira en hann var við upphaf strandveiða í fyrra.

Þegar tekið er mið af svari Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er engin ástæða til að óttast það að 11.200 tonn dugi ekki til að tryggja 12 veiðidaga í hverjum mánuði.

Ráðherra var spurður um hvaða áhrif það gæti haft á heildarafla strandveiðibáta að heimila þeim veiðar fjóra daga í viku frá 2. maí til og með 30. ágúst 2018 miðað við að fjöldi báta verði óbreyttur frá árinu 2017.

Svar ráðherra er skýrt: „Árið 2017 hefði þetta haft þau áhrif að afli hefði aukist um 3.941 tonn og heildarafli orðið 13.701 tonn.“

Svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Bjarna Jónssyni um strandveiðar.


1. Hvaða áhrif telur ráðherra að það gæti haft á heildarafla strandveiðibáta að heimila þeim veiðar fjóra daga í viku frá 2. maí til og með 30. ágúst 2018 miðað við að fjöldi strandveiðibáta verði óbreyttur frá árinu 2017?

Árið 2017 hefði þetta haft þau áhrif að afli hefði aukist um 3.941 tonn og heildarafli orðið 13.701 tonn. Sjá töflu 4 um þetta. Um hefði verið að ræða aukningu upp á 40,4% en árið 2017 nam úthlutun til strandveiða 9.760 tonnum líkt og sjá má í töflu 6.

Tafla 1. Fjöldi strandveiðidaga á hverju veiðisvæði sumarið 2017.

Mánuður	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Mögulegur dagafjöldi
Maí	13	17	17	17	17
Júní	10	16	16	16	16
Júlí	8	17	17	17	17
Ágúst	8	10	10	18	18
Samtals	39	60	60	68	6


FJÖLDI STRANDVEIÐIDAGA Á HVERJU VEIÐISVÆÐI 2017.



Tafla 2. Fjöldi tapaðra strandveiðidaga 2017.


Mánuður	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D
Maí	4	0	0	0
Júní	6	0	0	0
Júlí	9	0	0	0
Ágúst	10	8	8	0
Samtals	29	8	8	0

FJÖLDI TAPAÐRA VEIÐIDAGA PR.SVÆÐI



Tafla 3. Meðaldagsafli á strandveiðum 2017.

Mánuður	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D
Maí	69.759	24.503	21.516	25.416
Júní	93.003	31.603	32.491	33.237
Júlí	125.845	43.290	52.450	16.684
Ágúst	105.912	55.362	58.645	15.053




Tafla 4. Tapaður afli miðað við meðalaflla.

Mánuður	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Samtals
Maí	279.035	0	0	0	
Júní	558.015	0	0	0	
Júlí	1.132.605	0	0	0	
Ágúst	1.059.122	442.897	469.162	0	
Samtals	3.028.777	442.897	469.162	0	3.940.836


TAPAÐUR AFLI MIÐAÐ VIÐ MEÐALAFLLA

■ Maí ■ Júní ■ Júlí ■ Ágúst ■ Samtals



Tafla 5. Afli á strandveiðum 2017.

Mánuður	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Samtals
Maí	906.864	416.552	365.768	432.069	
Júní	930.026	505.644	519.849	531.785	
Júlí	1.006.760	735.929	891.654	283.636	
Ágúst	847.297	553.622	586.452	270.959	
Samtals	3.690.947	2.211.746	2.363.723	1.518.449	9.784.864



2. *Telur ráðherra að aukin hlutdeild strandveiðibáta í aflaaukningu í þorski muni styrkja dreifðar byggðir og mun hann beita sér fyrir því?*

Líkt og fram kemur í töflu 6 hefur úthlutun til strandveiða farið úr 3.955 tonnum árið 2009 í 10.200 tonn árið 2018 og þannig rúmlega tvöfaldast á umræddu tímabili.

Í skýrslu Háskólans á Akureyri um þróun strandveiða á tímabilinu 2009–2017 og framgang veiðanna árið 2017 kemur fram að staða veiðanna að loknum strandveiðum árið 2017 sé óljósari en oft áður. Þannig hafi aldrei verið sett jafnmikið af aflaheimildum inn í kerfið en þrátt fyrir það hefðu aldrei jafnfáir bátar sótt strandveiðarnar frá því að þær hófust árið 2009. Í skýrslunni er vísað til þess að vegna lélegs afurðaverðs á fiskmörkuðum hafi aukin aflabrögð ekki skilað meiri verðmætum. Þannig hafi heildaraflaverðmæti á bát að meðaltali verið lægri en árið 2016 þrátt fyrir að hver bátur hafi aflað um 20–30% meira. Strandveiðikerfið hafi því ekki verið sú brú fyrir nýliða inn í aflamarkskerfið sem vonast var eftir.

Þá má geta þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að vega þurfi og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.


Tafla 6. *Heildarúthlutun til strandveiða 2009–2018.*

<i>Ár</i>	<i>Úthlutun</i>	<i>Heildarafl i</i>	<i>Úthl/heilda rafla</i>	<i>Þorskur</i>	<i>Ufsi</i>
2009	3.955	195.000	2,03%	130.000	65.000
2010	6.000	200.000	3,00%	150.000	50.000
2011	8.499	210.000	4,05%	160.000	50.000
2012	8.600	229.000	3,76%	177.000	52.000
2013	8.600	245.400	3,50%	195.400	50.000
2014	8.600	271.400	3,17%	214.400	57.000
2015	8.600	274.000	3,14%	216.000	58.000
2016	9.000	294.000	3,06%	239.000	55.000
2017	9.760	299.000	3,26%	244.000	55.000
2018	10.200	315.409	3,23%	255.172	60.237

Tafla 7.

Samkvæmt töflu sjávarútvegsráðherra nr. 6 hér að ofan, var afli 9,760 tonn árið 2017.


Úthlutun 2017	9.760			
Svæði;	A	B	C	D
Magn í tonnum 2017;	3681	2206	2358	1515
Fjöldi báta á svæði 2017;	227	135	126	106
Meðaltal tonna á bát árið 2017;	16	16	19	14

VEIÐI EINS OG HÚN VAR 2017

Tafla 8.

Samkvæmt framkomnu frumvarpi mun afli aukast og hugsanlega verða 11,200 tonn, meðaltals afli á bát verðu því hin sami á öllum svæðum.

Úthlutun 2018	11.200			
Svæði;	A	B	C	D
Magn í tonnum 2018;	4280	2545	2374	1998
Fjöldi báta á svæði 2018;	227	135	126	106
Meðaltal tonna á bát árið 2018;	19	19	19	19

VEIÐI 2018 MEÐ FRAMLÖGÐU FRUMVARPI

Kostirnir við þessar breytingar eru afar margar og vil ég nefna nokkrar þeirra:

1. Öryggisatriði, sjómenn geta valið sér daga þegar viðrar betur.
2. Aukin afli úr 9,760 tonnum í 11,200 tonn.
3. Hráefnið verður betra, hægt að sækja lengra og koma með verðmætari afla, þar sem mögulegt er að sækja í betra veðri.
4. Hjálpar til við að koma í veg fyrir skort á ferskum fiski til útflutnings yfir sumarmánuðina.
5. Betra veður ætti að hámarka afla í hverjum róðri.
6. Betri meðferð á afla.
7. Minni eldsneytiskostnaður.
8. Allir sitja við sama borð, sameiginleg sókn allir fá 48 daga.
9. Aukið hráefni til landvinnslu.
10. Styrkir dreifðar byggðir.
11. Ætti að vera liður í að tryggja byggðarfestu og nýliðun.

Þetta eru þau helstu atriði sem mér finnst styrkja að frumvarpið nái fram að ganga.

Kæri viðtakandi ég treyst því og trúi að tryggt verði að frumvarpið nái fram að ganga.

Reykjavík 29/03/2018

Virðingarfyllst,

Garðar Eyland 280245-4889.



08.04.18

Alþingi
b.t. atvinnumálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Snæfell, félag smábátaeigenda, Umsögn– 1804028

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar var lagt fram erindi Snæfells, félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi, varðandi umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Óskað er eftir stuðningi sveitarstjórna á Snæfellsnesi við frumvarpið.


Bæjarstjórn Grundarfjarðar tekur undir umsögn Snæfells, félags smábátaeigenda, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Sérstaklega er tekið undir breytingu á ákvæðum 2. mgr. 6. gr. laganna, varðandi takmarkanir strandveiða við 12 veiðidaga fyrir hvert skip innan hvers mánaðar mánuðina maí-ágúst.

Með þessari breytingu verður sóknaröryggi mun meira en verið hefur fyrir strandveiðibáta heldur en er við núgildandi löggjöf. Áhætta við sjósóknina er mun minni ef bátarnir geta valið sér góðviðrisdaga í hverjum mánuði, frekar en að þurfa að róa við mismunandi góð veðurskilyrði.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,


Þorsteinn Steinsson
Bæjarstjóri
Grundarfirði

Bæjarstjórnin
Grundarfirði

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps fjallaði á fundi sínum í gær um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er lúta að skipulagi strandveiða. Eftirfarandi var bókað undir dagskrárlið nr. 2:

„2. Frumvarp um stjórn fiskveiða, strandveiðar.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps leggst gegn því að hætt verði að skipta strandveiðikvóta milli svæða svo sem verið hefur. Hætt er við að það geti leitt af sér tilfærslu afla sem vinnur gegn upphaflegu markmiði laganna um að styrkja byggðir um landið allt.“

Þessu álit er hér með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,



Próstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 611 — 429. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar).

Góðan dag.

Hér eru tillögur um breytingar frá:
Halldóri Árnasyni kt 071151 4929
Mýrum 8, 450 Patreksfirði

1. gr.

VS ákvæðið er mjög óljóst: T.d. ef ég lendi í að fá 500 kg af ufsa dag eftir dag, má ég þá landa honum sem VS afla. Miðað við fullan skammt af þorski?

2. gr.

Gjald vegna strandveiða er hærra en aðrir útgerðarflokkar greiða. Veiðarnar eru skilgreindar sem sérveiðar og greiðir hver aðili því árlega fyrir veiðileyfi. **Samhliða því gjaldi eru greiddar 50 þús. kr. sem úthlutað er til hafna landsins í réttu hlutfalli við landaðan afla.**

Breyting: Samhliða því gjaldi eru greiddar 50 þús. kr. **af hverjum bát. Úthlutun miðast við heimilisfesti útgerðar.**

(Ath. ekki í hlutfalli við afla, það er rangt í greinargerð með frumvarpi þessu. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt, eins og er í greinargerðinni).

Ýmsar ábendingar:

Ég fer fram á að bátum verði heimilt að fara á strandveiðar, eftir að grásleppuveiðum lýkur, á hverju svæði fyrir sig. Eins að bátum verði heimilt að hefja veiðar á uppsjávarfiski, eins og makríl, síld og smokkfiski, eftir að strandveiðum lýkur, en þurfi ekki að bíða til 1. september, til að geta hafið veiðar.

Ég óska eftir að bannað verði að fara á sjó á mánudegi, eftir sjómannadag. Það hefur farið í taugarnar á mér að sjá sjómenn vera að taka ís á miðjum sjómannadegi, til að fara í róður upp úr miðnætti aðfaranótt mánudags.

Vinnuvika í fiskvinnslu byrjar á mánudegi. Þess vegna er það eðlilegt að leyfðar séu veiðar á sunnudögum - til og með fimmtudögum. Með því að bæta sunnudögunum við, erum við að auka rýmdina til veiða og dreifa aflanum á markaðinn; hækka verðið og minnka slysatíðnina.

Einnig legg ég til að færavindum verði fækkað úr fjórum niður í tvær, þannig að ákvæðið um að Fiskistofa geti stöðvað veiðar í ágústmánuði, falli út.

Virðingarfyllst.

Halldór Árnason
Mýrum 8, 450 Patreksfirði
Símar 456 1140 og 892 3804

Umsögn er varðar þingskjal 611 - 429. mál.

Frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar)

Frá atvinnuveganefnd.

1. gr.

*"Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. a skal ráðherra til 31. ágúst 2018 takmarka strandveiðar við 12 veiðidaga fyrir hvert skip, innan hvers mánaðar, mánuðina maí, júní, júlí og ágúst."*

"Fiskistofa getur með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðvað strandveiðar þegar sýnt er að heildaraflí strandveiðibáta fari umfram það magn, sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt reglugerð nr. 607/2017 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2017/2018."

Hægt er að velta því fyrir sér hvers vegna strandveiðisjómönnum séu lofaðir 48 dagar, en í raun er bara verið að lofa um það bil helmingi þessa daga m.v. aflaúthlutun í kerfið vegna þess að Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar verði sérstöku hámarki afla náð.

Með þessu frumvarpi virðist sem svo að blekkja eigi sjómenn og aðra með því að lofa 48 dögum, en segja svo síðar að Fiskistofa geti stöðvað veiðar þegar að heildarafla er náð.

Þegar þetta er skoðað nánar með tilliti til afla sem hefur verið landað í gegnum strandveiðikerfið síðustu ár, gefur það auga leið að dagarnir verða að öllum líkindum ekki fleiri en um það bil helmingur lofaðra daga. Ástæðan fyrir því er að dögum fjölgar á aflamesta svæði landsins og mun meiri afli kemur þar að landi.

	Strandveiðar 2016		Meðalafli í róðri	
Svæði:	A	B	C	D
	702 kg	575 kg	587 kg	538 kg

Með þessu er verið að gera strandveiðikerfið jafnlélegt allt í kringum landið, í stað þess að bæta það og hafa það mannsæmandi allt í kringum landið.

Ufsi sem VS-afli.

" Heimilt er hverjustrandveiðiskipi að landa ufsa sem VS-afla, og telst sá afli ekki til hámarksafla skv. 5. tölul. 5. mgr. 6. gr. a."

Bátum í strandveiðikerfinu er heimilt að landa ufsa sem VS-afla og aflaverðmæti hans fer þá í ríkissjóð. Eftir situr ekkert nema vinnan, kranagjöld, ísgjöld, vigutnargjöld, aflagjöld, veiðigjöld og fleira.

Þetta er því ekkert nema kostnaður á útgerðina og fyrir nýliða sem og aðra er það mjög slæmt. Þessi málsgrein hjálpar ekkert að gera strandveiðikerfið betra.

Nær væri að gefa afslátt af ufsa sem landað er með því að láta hann telja minna eða ekkert til heildarafla strandveiða.

Ólympískar veiðar

"Breytingin sem hér er lögð til felur einnig í sér aðgerð til að auka öryggi sjómanna á strandveiðibátum. Sá ágalli hefur verið á gildandi fyrirkomulagi að veiðarnar hafa verið það sem kallað er „ólympískar“ sem birtist í því að sjómenn hafa keppst um að ná þeim afla sem heimilt er á sem skemmstum tíma og áður en aflaheimildin yrði uppurin. Þetta hefur leitt til þess að stundum hafa menn róið á minni bátum þótt ekki viðraði til þess og fylgir því að sjálfsögðu aukin slyshætta. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til ætti að draga mjög úr hvata til „ólympískrar“ sóknar og þar með slyshættu."

Hvati til ólympískra veiða eykst við þessar breytingar, þar sem að augljóst er að heildarafla sem áætlaður er til strandveiða verður uppurinn í lok júlí.

Hvatinn eykst vegna þess að menn keppast við að ná að róa áður en að allt lokast síðla sumars í júlí og ágúst.

Ef að þetta frumvarp fer óbreytt í gegn þýðir það eitt að í stað þess að keppa við aðra báta innan síns svæðis um aflann, er keppnin orðin yfir allt landið.

Þetta er stórt skref til baka þegar að kemur að öryggismálum sjómanna.

Umhverfi strandveiða.

"Markmið frumvarpsins er að bæta umhverfi strandveiða og hverfa frá innbyggðum þætti þess sem skapar aukna áhættu til veiða. Horfið verði frá því að loka svæðum í hverjum mánuði þegar ætluðu veiðimagni er náð. Uppsafnaðri spennu eins og myndast í hverjum mánuði verði eytt."

Með þessum breytingum hefur áætlað markmið frumvarpsins öfug áhrif á strandveiðikerfið, vegna þess að menn þurfa að keppa enn meira hver við annan til að ná aflanum áður en að hinn aðilinn gerir það. Ástæðan fyrir því er að fiskgengd er mismunandi á milli landshluta sem og mismunandi eftir árstíðum, þegar hún er góð í einum landshluta er hún slæm í hinum. Þá myndast spenna á milli landshluta sem er ekki góð og ýtir undir svokallaðar "ólympískar veiðar".

Með breytingunum er í raun verið að skerða strandveiðar á 3 svæðum landsins í stað þess að efla þau öll.

Hvati til ólympískra veiða eykst.

Eins og nefnt hefur verið áður hér að ofan, er þetta stórt skref til baka þegar að kemur að öryggismálum sjómanna.

Gjald vegna strandveiða

Það að þeir sem stunda strandveiðar þurfi að greiða sérstakt gjald vegna þeirra, er frekar einkennilegt vegna þess að takmarkanir kerfisins eru svo ótal margar ef miðað er við aflamarks- og krókaafلامarkskerfið og með þessu frumvarpi er verið að takmarka strandveiðar enn meira.

Til dæmis;

Hámarks dagafjöldi í mánuði, hámarksheildaraffli í kerfið, hámarksaffli á dag, hámarkstími, bann um helgar, bann á rauðum dögum og svo framvegis.

Nýliðun í strandveiðikerfið.

"Með tilvísun í framangreint er breytingin sanngjörn, bæði hvað það varðar að strandveiðar hafa setið eftir í aflaukningu frá árinu 2011 og tilkostnaði við veiðarnar.

Þá er breytingunni einnig ætlað að gera veiðarnar eftirsóknarverðari og auka áhuga yngri kynslóðarinnar, karla og kvenna á að stunda sjómennsku með því að hefja útgerð. "

Erfitt er að sjá að með frumvarpi þessu að auðveldara verði fyrir nýliða að hefja útgerð. Erfitt hefur verið fyrir nýliða að hefja sókn í strandveiðikerfinu til þessa og þessi breyting á kerfinu auðveldar það ekki, í raun er breytingin í garð nýliða engin.

Menn sem eru í kerfinu nú þegar, eru afar svartsýnir á þetta frumvarp og ýmsir hafa nefnt það að hætta útgerð.

Ástæðurnar eru til dæmis nokkrar;

Auðlindagjöld, aflagjöld, kranagjöld, hafnargjöld, vatnsgjöld, vigtunargjöld, ísgjöld, skoðunargjöld, rafmagnsgjöld, sérstakt gjald strandveiða, sorpgjöld, markaðsgjöld, lágt fiskverð, óvissa um komandi ár, rekstrarkostnaður, aflaheimildir lágur í kerfinu og fleira.

Með vinsemd og virðingu.

Hólmar H. Unnsteinsson, 27 ára sjómaður frá Hornafirði.

Varðar umsögn um: 429. mál, lagafrumvarp 148. löggjafarþing 2017-2018 Þingiskjal 611 frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar)

Smábátafélagið Hrollaugur á Hornafirði álitur að til að markmið frumvarpsins um almenna eflingu strandveiðikerfisins og auknum öryggisþætti þess nái fram að ganga þurfi að gera töluverðar umbætur á frumvarpinu sem tryggja strandveiðimönnum jafn gott og öruggt strandveiðikerfi allt í kringum landið.

- **12 dagar séu tryggðir**

Hverjum báti verða að vera tryggðir 12 dagar í mánuði í 4 mánuði á ári frá 1.maí ár hvert til 31.ágúst án nokkurs vafa. Samtals 48 veiðidaga á hvern bát í strandveiðikerfinu.

Heimild fiskistofu til að stöðva veiðar eftir að einhverjum heildarpotti er náð verður að fara út úr frumvarpinu .

- **Öryggismarkmið**

Til að öryggismarkmið frumvarpsins nái fram að ganga verður að gefa strandveiðibátum meira svigrúm innan hvers mánaðar til að nýta sína veiðidaga og hliðra þeim til eftir veðri og vindum innan hvers mánaðar.

Til að slík öryggismarkmið nái fram að ganga verða að minnsta kosti sunnudagar að vera settir inn sem veiðidagar í stað þess að vera banndagar eins og verið hefur. Þetta er lykilatríði til þess að efla öryggi á strandveiðum og til að ná spennuni úr kerfinu.

Með því að sunnudagar kæmu inn sem veiðidagar myndi í stað þess að strandveiðimenn hafi 4 veiðidaga upp á að hlaupa með val á veiðidögum þá yrðu dagarnir til að hliðra veiðum í hverjum mánuði 8. Með þessu næðist að ná allri spennu úr kerfinu og menn myndu ekki neyðast til að róa í miklum brælum til þess eins að ná sínum dögum.

- **Ufsi og annar meðafli við strandveiðar.**

Það er ljóst að mörg þúsund tonn brenna inni af óveiddum ufsa á hverju ári í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær tölur eru allar aðgengilegar hjá fiskistofu. Samkvæmt tölum fiskistofu brunnu tæplega 4.000 tonn inni af ufsa á síðasta fiskveiðiári. Þetta gríðarleg soun á tækifærum til að efla atvinnu og byggðir í kringum landið.

Strandveiðibátum verður að vera heimilt að koma með eins mikinn ufsa og þeir vilja sem meðafli á hverjum degi ofan á sinn strandveiðiskammt í þorski þar til að heimildum sem brenna inni verður náð ár hvert. Tekjur af þeim meðafli eiga allar að renna til þeirra sem hann veiða enda til að efla atvinnu þarf að eiga sér stað tekjumyndun.

Þjóðin verður af miklum tekjum vegna vannýtttra aflheimlda í ufsa á hverju ári sem er skammarlegt þegar strandveiðimönnum skortir tekjur til að reka báta sína.

Engin hættu er á ofveiði á tegundinni. Hömlur eru miklar nú þegar á bátana innan kerfisins, 14 klst veiðidagur, 12 dagar í hverjum mánuði, bátarnir eru ekki með mikla burðargetu og menn geta aðeins farið a sjó einu sinni á hverjum sólahring.

- **Svæðaskipting innan kerfisins**

Svæðaskipting verði látin halda sér í strandveiðikerfinu svo ekki verði mikið um tilfærslu báta á milli landsvæða.

- **Eignarhald báta innan kerfisins**

Eignarhald verði hert á strandveiðiflotanum þannig að komið verður í veg fyrir að aðrir rói á strandveiðibátum en þinglýstir eigendur þeirra.

Muni engar breytingar verða gerðar á frumvarpinu til betri vegar fyrir strandveiðikerfið kjósum við í Hrollaugi óbreytt strandveiðikerfi , en það kerfi er mun betra kerfi en það sem óbreytt frumvarp miðar að. Það er einlæg ósk okkar að frumvarpinu verði breytt á þann veg sem umsögn okkar leggur til. Mikil sátt myndi skapast um þessar veiðar og kerfið yrði jafn gott fyrir alla strandveiðimenn og allar byggðir allt í kringum landið. Þjóðin á það skilið.

Hornafjörður 05.04.2018

Vígfús Ásbjörnsson Formaður Smábátafélagsins Hrollaugis á Hornafirði

Atvinnuveganefnd

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Reykjavík 9. apríl 2018

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar) Þingskjal 611 - 429. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi strandveiða. Horfið verði frá því að skipta heildarafla til strandveiða á svæðin fjögur A, B, C og D, þess í stað verði sameiginlegur pottur fyrir öll svæðin og veiðar stöðvaðar samtímis á öllum svæðum þegar sýnt þykir að heildaraflari umfram viðmiðun. Mánaðarlegar takmarkanir eru þannig að hver bátur hefur heimild til að nýta 12 veiðidaga af þeim sem ákveðnir eru til veiðanna; mánudags – fimmtudags utan þeirra daga sem teljast til almennra frídaga.

Heildarafla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni eru 10.200 tonn af óslægðum botnfiski. Í kynningu frumvarpsins í fjölmiðlum hefur formaður atvinnuveganefndar sagt að auk þess verði 1.000 tonna tillag áformað í 48 daga veiðikerfi. Miðað við útreikninga sem byggðir eru á strandveiðum 2017 nægir heildaraflaviðmiðunin til að tryggja 48 veiðidaga á strandveiðum 2018. Ennfremur gefur svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafa við fyrirspurn Bjarna Jónssonar um ætlaðan afla í breyttu strandveiðikerfi óumdeilda vissu um að 12 dagar í mánuði, alls 48 veiðidagar á tímabilinu munu ekki leiða til að aflinn fari umfram 11.200 tonn.

Með skírskotun til þessara þátta er það óráðvikanleg krafa LS að verði frumvarpið að lögum sé engum vafa undirorpið að þeir sem hafa hug á að stunda strandveiðar 2018 geti verið fullvissir um að ekki komi til stöðvunar veiða. Brottfall á ákvæði frumvarpsins sem heimilar Fiskistofu að stöðva veiðar ef sýnt þykir að aflari umfram heildaraflaviðmiðun mundi gefa þeim staðfestingu á því. Þar sem hér er um sólarlagsákvæði til eins árs verða þátttakendur að hafa tryggingu fyrir því að hið nýja veiðikerfi verði þeim betra en það sem unnið hefur verið eftir frá upphafi strandveiða.

Eftirtaldir tveir þættir hafa þar gríðarleg áhrif:

- A. Fjöldi veiðidaga - taflan sýnir fjölda leyfilegra veiðidaga á árinu 2017.

2017	maí	júní	júlí	ágúst	Alls
A	13	10	8	8	39
B	17	16	17	10	60
C	17	16	17	10	60
D	17	16	17	18	68

Sérstök skygging í töflunni sýnir mánuðina sem ekki kom til neinnar stöðvunar veiðanna. Svæði D opið allan tímann og svæði B og C í maí, júní og júlí, en lokað að loknum 10 dögum í ágúst.

- B. veiðanleiki - taflan sýnir sveiflur í meðalafli í róðri hvers báts eftir mánuðum. Sérstök skygging reita sýnir hvenær veiðanleikinn er bestur.

2017	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Meðaltal
A	635 kg	677 kg	713 kg	642 kg	668 kg
B	534 kg	532 kg	580 kg	647 kg	574 kg
C	593 kg	597 kg	690 kg	686 kg	649 kg
D	589 kg	597 kg	525 kg	519 kg	564 kg

Landssamband smábátæigenda er sameiginlegur vettvangur 16 svæðisfélaga smábátæigenda. 7 þeirra eru staðsett á svæði D, þrjú á svæði A, B og C. Eins og fram hefur komið eru viðbrögð þeirra við frumvarpinu nokkuð ólík og taka mið af því sem félagsmenn þeirra hafa í dag og það sem frumvarpið boðar. Öll hafa þau þá skoðun að styðja boðaðar breytingar svo framarlega sem tryggt sé að veiðidagar verði ekki færri en 48.

Undir þessi sjónarmið er tekið í eftirfarandi ályktun stjórnar Landssambands smábátæigenda:

Stjórn LS styður frumvarp atvinnuveganefndar um strandveiðar.

Það er afar jákvætt fyrir framþróun strandveiða að hægt verði að velja daga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðidagar til strandveiða árið 2018 verði 48, skipt jafnt á strandveiðimánuðina maí, júní, júlí, ágúst.

Stjórn LS mótmælir þó ákvæði frumvarpsins um heimild Fiskistofu til að stöðva veiðar stefni heildarafli í að fara umfram heildaraflaviðmiðun. Aðstæður á hinum 4 veiðisvæðum strandveiða er mjög mismunandi hvað fiskgengd snertir.

Þannig að tilraunin verði marktæk er nauðsynlegt að tryggja 12 veiðidaga á bát í hverjum mánuði á öllum veiðisvæðum.

LS leggur áherslu á að ufsi við strandveiðar telji ekki til heildaraflaviðmiðunar og að ekki verði skylt að landa honum sem VS-afla.

Samþykkt af stjórn LS

6. apríl 2018

Virðingarfyllst


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Strandveiðar 2010 – 2017 – fjöldi veiðidaga

Svæði A	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	10	5	6	10	7	9	10	13	9
júní	5	9	7	11	6	11	7	10	8
júlí	7	6	6	8	9	9	6	8	7
ágúst	4	5	2	6	6	7	5	8	5
Samtals	26	25	21	35	28	36	28	39	30

Svæði B	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	15	18	16	15	15	14	16	17	16
júní	17	15	12	15	12	16	14	16	15
júlí	11	14	9	12	11	16	10	17	13
ágúst	4	8	4	4	7	7	4	10	6
Samtals	47	55	41	46	45	53	44	60	49

Svæði C	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	15	18	16	15	15	14	16	17	16
júní	17	15	16	15	15	17	18	16	16
júlí	11	14	13	19	17	18	11	17	15
ágúst	4	12	5	14	9	7	5	10	8
Samtals	47	59	50	63	56	56	50	60	55

Svæði D	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	13	10	16	15	15	14	12	17	14
júní	8	15	15	15	15	17	9	16	14
júlí	7	15	6	19	19	18	4	17	13
ágúst	6	18	11	16	15	16	7	18	13
Samtals	34	58	48	65	64	65	32	68	54

2016	maí	júní	júlí	ágúst	Alls
A	10	7	6	5	28
B	16	14	10	4	44
C	16	18	11	5	50
D	12	9	4	7	32
Samtals	54	48	31	21	154

2017	maí	júní	júlí	ágúst	Alls
A	13	10	8	8	39
B	17	16	17	10	60
C	17	16	17	10	60
D	17	16	17	18	68
Samtals	64	58	59	46	247


Dagar á strandveiðum [mánu – fimmtudagur]

2018	maí	júní	júlí	ágúst	Alls
Dagar	16	16	18	17	67

Nýting veiðidaga

Svæði	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
A	53%	74%	77%	62%	71%	58%	73%	62%	66%
B	37%	47%	56%	57%	61%	49%	56%	48%	51%
C	43%	50%	50%	48%	52%	46%	51%	48%	48%
D	37%	36%	47%	39%	39%	36%	63%	37%	40%
Samtals	42%	50%	57%	51%	55%	47%	60%	50%	51%

Fjöldi báta á strandveiðum





Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Þórshöfn 9. apríl 2018

Efni: 429. mál Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar).

Á 79. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar fimmtudaginn 5. apríl sl. var lögð fram eftirfarandi bókun undir dagskrárlið 25. Bókunin var samþykkt samhljóða og undirrituðum falið að koma efni hennar á framfæri við Atvinnuveganefnd:

25. Bókun vegna frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða

Fram er lögð tillaga að bókun vegna máls 429. frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar):

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir sig sammála ýmsu sem fram kemur í framlögðu frumvarpi enda gæti það leitt til aukins öryggis, jafnræðis og eflingar strandveiðikerfisins í heild. Jákvætt er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum aflaheimildum í kerfið og litið er til aukins frjáltsræðis varðandi val á veiðidögum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggst hins vegar alfarið gegn þeim hugmyndum sem lúta að því að hafa landið allt sem einn kvótapott fyrir strandveiðar þar sem Fiskistofa hafi svo heimildir til þess að stöðva veiðar þegar heildarmagni er náð. Slíkar breytingar munu valda miklum tilfærslum á því hvar strandveiðar munu verða stundaðar og stórlega veikja þau svæði sem megin veiðin er seinni hluta sumars. Að því leiti telur sveitarstjórn frumvarpið ganga gegn upphaflegu markmiði með strandveiðum þar sem leitast var við að styrkja sjávarbyggðir um allt land.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að frumvarpið óbreytt muni kollvarpa strandveiðum í sveitarfélaginu og valda óbætanlegum skaða á litlum og brothættum byggðarlögum svo sem Bakkafirði sem hefur verið ein aflamesta strandveiðihöfn landsins undanfarin ár.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á sjávarútvegsráðherra að skilgreina áfram ákveðið magn til einstakra svæða eins og verið hefur og jafnframt að leitast verði við

að ná fram jöfnuði í aflaverðmæti á milli svæða með því að láta aukningu aflamagns skila sér hlutfallslega hærra inn á svæði þar sem meðalaflaverðmæti í róðri hefur verið lægra.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma bókuninni á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.*

Samþykkt samhljóða.

Hér með er þess farið á leit að ofangreind bókun fái umfjöllun í nefndinni sem umsögn sveitarstjórnar um frumvarpið.

Virðingarfyllt
f.h. Langanesbyggðar



Elías Pétursson, sveitarstjóri

Bréfi þetta er sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is.

Afrit af bréfi þessu er sent með tölvupósti á nefndarmenn í atvinnuveganefnd og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar), mál nr. 429, þingskjal 611.

Undirritaður telur að ákvæði 1. greinar um 12 veiðidaga í mánuði vera til mikilla bóta frá því fyrirkomulagi sem verið hefur á strandveiðum og styður því þetta ákvæði. Rétt er þó að vekja athygli á að veður leikur stórt hlutverk á veiðum með handfærum og allmörg dæmi eru um á liðnum árum að ekki gefi á sjó meira en fimm daga í einstaka mánuði. Því færi betur að vera með heildardagafjölda fyrir allt tímabilið, þ.e. 48 daga á fjórum mánuðum.

Ákvæðið um að Fiskistofa fái heimild til að stöðva strandveiðar þegar sýnt er að heildaraflí fari umfram tiltekið heildarmagn er hins vegar afar slæmt og mótsagnarkennt. Í fyrsta lagi er besti veiðitími strandveiða mjög mismunandi á milli svæða. Þannig veldur þetta heimildarákvæði mismunun milli landshluta/veiðisvæða og gæti orðið til þess að þau veiðisvæði sem gefa meira á fyrri hluta tímabilsins fengi hlutfallslega mun meira í sinn hlut en þau svæði sem bestur afli er á í júlí og ágúst. Þá getur þetta ákvæði valdið „veiðikeppni“ milli veiðisvæða og vinnur þar með gegn megintilgangi tillögunnar um fastan fjölda veiðidaga.

Í öðru lagi er rétt að benda á að hér er verið að gera tilraun til eins árs með nánast hreint sóknarmark á strandveiðum (12 dagar/mán., 4 rúllur, 4 dagar í viku, 14 klst. róðratími) og er heildaraflamark þannig órókrétt. Þess vegna telur undirritaður að þessa tilraun eigi að útfæra þannig að ekkert fyrirfram gefið aflamagn verði á veiðitímabilinu í ár (650 þorskígildiskíló á dag er nægjanleg magnstýring). Sýnt hefur verið fram á að hér getur vart orðið meira en um 12-14 þús tonna heildarafla að ræða og hugsanleg aukning frá því aflamagni sem rætt hefur verið um að setja til strandveiða því innan skekkjumarka við ákvörðun heildarafla skv. aflareglu. Ávinningurinn af því að vera ekki með fyrirfram gefið heildaraflamark verður hins vegar verulegur, bæði vegna jafnræðis milli svæða, jafnara framboðs og heilbrigðari markaðs-aðstæðna auk þess sem „keppnisþátturinn“ í veiðunum verður ekki lengur til staðar.

Til að minnka togstreitu milli þeirra sem starfa í aflamarkskerfinu og strandveiðiútgerða telur undirritaður að í þessari tilraun eigi að hafa strandveiðiaflann utan heildarafla skv. 20% aflareglunnar. Þannig útfært strandveiðikerfi myndi því örugglega stuðla að meiri sátt meðal útgerðarflokka, einstakra útgerða, strandveiðisvæða og jafnvel meðal þjóðarinnar allrar með stjórn fiskveiða yfirleitt.

Hvað snertir ufsa-ákvæði 1. gr. fagnar undirritaður því að ekki eigi að telja veiddan ufsa til hámarksafla í róðri. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að miðað við verð á ufsa hefur oft ekki borgað sig að veiða hann þegar búið er að taka tillit til löndunarkostnaðar og veiðigjalda. Ef landa á ufsa sem VS-afla er allt eins líklegt að reynt verði að forðast allar veiðar á honum.

Skagafirði 7. apríl 2018

Virðingarfyllst

Magnús Jónsson veðurfræðingur og strandveiðimaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 10. apríl 2018

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar), 429. mál á 148. löggjafarþingi 2017 – 2018.

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi hefur borist til umsagnar frumvarp atvinnuveganefndar Alþingis til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, þar sem mælt er fyrir um breytingar á fyrirkomulagi strandveiða. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Almennt

Lagabreytingar af því tagi sem hér er til umræðu eru í eðli sínu hluti flókins samhengis og erfitt getur verið að sjá fyrir allar þær afleiðingar sem af kunna að hljóta. Því telja samtökin mikilvægt að frumvarp nefndarinnar verði skoðað gaumgæfilega í ljósi allra ábendinga.

Margir þættir vekja athygli í texta frumvarpsins og greinargerðarinnar, sem nauðsynlegt er að benda á. Það er mat samtakanna að alvarlegir annmarkar séu á þeirri ráðstöfun við stjórn fiskveiða sem frumvarpið gerir ráð fyrir og leggjast þau því gegn samþykkt þess.

Um svæðaskiptingu og heimildir Fiskistofu

Með samþykkt frumvarpsins yrði svæðaskipting við stjórn strandveiða afnumin og þar með sú trygging sem nú gildir um að ákveðinn lágmarksafli komi í hlut hvers landshluta. Þarna væri um grundvallarbreytingu að ræða. Breytt fyrirkomulag kynni að leiða til þess að hlutur svæðis A (Snæfellsnes, Breiðafjörður, Vestfirðir) ykist á kostnað annarra landshluta ef áformum um heildarafla strandveiða væri haldið til streytu. Þessi breyting gengur gegn markmiðum aukningar aflamarks ársins 2016 til strandveiða sem var að jafna veiðidaga milli svæða og fá meiri jöfnuð á meðalveiði báta. Strandveiðar voru árið 2016 felldar undir 5,3% þáttinn.

Með áformaðri breytingu fengju bátar á svæði A, aðalveiðisvæðinu þar sem afli á hvern veiðidag er mestur, tryggð veiði í 12 daga í mánuði. Í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Bjarna Jónssonar á 148. löggjafarþingi, þingskjal 544 – 171. mál, kemur fram að veiðidagar á svæði A sumarið 2017 hafi verið 39 og fyrir liggur að dagafjöldinn hefur verið mun

minni undanfarin ár. Þessi breyting felur því væntanlega í sér verulega sóknaraukningu báta á svæði A, með tilheyrandi aflaaukningu.

Í þessu samhengi vekur eftirfarandi texti í frumvarpinu óskipta athygli:

"Fiskistofa getur með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðvað strandveiðar þegar sýnt er að heildaraflí strandveiðibáta fari umfram það magn, sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt reglugerð nr. 607/2017 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2017/2018."

Í núgildandi lögum stendur hins vegar eftirfarandi:

„Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers tímabils verði náð.“

Samtökin benda á að á þessu tvennu – skal og getur – er grundvallarmunur og það verður að teljast með nokkrum ólíkindum, að það sé valkvætt fyrir Fiskistofu hvort hún stöðvi veiðar eða ekki. Líklegast er, að þegar tekið yrði tillit til t.d. fyrirsjáanlega ójafns gangs veiðanna eftir landshlutum, þá myndi þetta ákvæði svona orðað leiða til þess að Fiskistofa gæti einmitt ekki stöðvað veiðarnar, enda gæti hún það trauðla nema henni væri það beinlínis skylt samkvæmt lögum. Hér væri því hugsanlega boðið upp á lausatök við stjórn fiskveiða sem við Íslendingar höfum einmitt mikla og slæma reynslu af, enda hefur ávallt verið miklum vandkvæðum bundið að stöðva veiðar smábáta í dagakerfi þegar tilsettum afla hefur verið náð. Hætt er við því að hér væri farið inn á ógæfulega braut með auknum líkum á umframafla þótt það sé sagt vera eingöngu í tilraunaskyni. Án efa yrði erfitt að leiðrétta orðinn hlut við slíkar aðstæður, ekki síst vegna sjónarmiða um jafnræði milli útgerða og landshluta en einnig af öðrum ástæðum. Ekki verður séð að gæfulegt væri að safna upp vanda af þessu tagi yfir sumarið til úrlausnar síðasta strandveiðimánuð ársins með þeim stjórnunarannmörkum sem af því myndu hljóta.

Um aflareglur og fiskveiðistjórnun:

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

„Breytingin er sérstaklega valin nú með tilliti til þess að óveruleg hætta er á að nýtingarstefna í þorski, sem stjórnvöld hafa sett og framfylgt er með aflareglu, gangi ekki eftir.“

Þessi orð eru sérstaklega til þess fallin að vekja ugg um framhaldið. Það er einmitt með svona andvaraleysi sem hættan verður mest á því að grafið sé undan nýtingarstefnu og aflareglu. Hafa ber í huga að nýtingarstefna samkvæmt alþjóðlegri varúðarleið er ráðstöfun sem miðar að því að takast á við áhættu sem skapast meðal annars vegna óvissu í stofnmati. Þótt svo kunni að virðast að vel gangi er engu að síður ávallt hætta á ofmati stofns ekki síður en vanmati. Afleiðingar þess þekkjum við Íslendingar vel af reynslunni varðandi þorskstofninn.

Nýtingarstefnur og aflareglur eru settar samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og afar mikilvægar, bæði út frá sjónarmiðum fiskveiðistjórnunar með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi og vegna samskipta við erlenda kaupendur sjávarafurða og vottunaraðila á því sviði. Allar stjórnunar-ráðstafanir sem eru til þess fallnar að auka líkur á afla umfram ákvörðun fela því í sér afturför. Mörg ár hefur tekið að koma á úrbótum í þessum efnum þannig að áformaður afli utan aflamarks sé rétt áætlaður við upphaf fiskveiðiárs og í samræmi við raunafla.

Samtökin vara eindregið við þessari hættu í tengslum við þá braut sem haldið væri á með samþykkt frumvarpsins. Hættan á umframafla sem erfitt yrði að leiðrétta þegar fram líða stundir er skýr. Við mat erlendra aðila á fiskveiðistjórnun Íslendinga yrði slíkt kallað villa í framkvæmd eða „*implementation error*“. Afleiðingin gæti orðið sú að talin yrði þörf á að miða við varfærnara (læggra) veiðihlutfall en ella. Mikilvægt er að nefndin geri sér þetta samhengi hlutanna vel ljóst í störfum sínum hvað málefni fiskveiðistjórnunar almennt varðar svo að lagarammi um sjálfbæra nýtingu fiskistofna standist alþjóðlegar kröfur og samanburð og útflutningshagsmunir greinarinnar séu tryggðir.

Önnur atriði

Í greinargerðinni gefur jafnframt að líta fullyrðingar um að afli og aflameðferð í strandveiðum sé til fyrirmyndar. Þótt framfarir hafi vissulega orðið hvað þetta varðar á seinni árum, sem ber vissulega að fagna, þá er raunveruleikinn enn sá, að úr strandveiðunum berst á köflum fiskur sem á ekkert erindi inn í virðiskeðjuna. Slíkur fiskur grefur undan trausti og orðspori okkar og útflutningshagsmunum. Nauðsynlegt er að þessu sé haldið til haga og að áfram verði unnið skipulega að úrbótum hvað þetta varðar. Mikilvægi þessa þáttar má meðal annars sjá í stærra samhengi við lestur á nýrri skýrslu Háskólans á Akureyri um strandveiðarnar.

Fram kemur í frumvarpinu að „þannig hafa strandveiðar verið mikilvægur þáttur í því að koma til móts við sjónarmið þeirra sem telja að þörf sé breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu í þá veru að tryggja almenningi ríkari hlutdeild í veiðum.“ Hér er rétt að hafa í huga að veiðigjald miðast við afkomu sjávarútvegs. Sé gluggað í tölur Hagstofu Íslands um afkomu í strandveiðum sést berlega að hún er ekki burðug. Þannig hefur verið tap á strandveiðum 5 ár af 8, frá því að þær hófust árið 2009. Það eru því öfugmæli að halda því fram að með því að auka strandveiðar muni verða „...komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja að þörf sé breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu í þá veru að tryggja almenningi ríkari hlutdeild í veiðum.“ Þvert á móti myndi þessi breyting væntanlega leiða til þess að ríkissjóður fengi minna í sinn hlut í formi veiðigjalds. Þar að auki má benda á að laun, sem hlutfall af heildargjöldum, eru langtum minni hjá strandveiðibátum en hjá bátum sem eru 10 brúttólestir eða stærri. Tekjur til sveitarfélaga af strandveiðum er því í lágmarki í samanburði við önnur útgerðarform.

Að lokum

Íslensk stjórnvöld, í samstarfi við íslenskan sjávarútveg, hafa á liðnum áratugum gripið til margháttaðra aðgerða til að gera íslenskan sjávarútveg sjálfbæran og arðbæran þannig að óvíða í heiminum er sjávarútvegur rekinn á eins hagkvæman hátt. Það kerfi sem við búum við hefur ekki orðið til fyrir tilviljun. Það er afrakstur mikillar vinnu og rannsókna. Þetta fyrirkomulag hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu og fótfasta íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðlegum markaði er að miklu leyti bundin þessu fyrirkomulagi. Ef sífellt er verið að hola kerfið að innan með illa ígrunduðum breytingum mun það, til lengri tíma, hafa slæm áhrif á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með afkomu fjölmargra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á sterkum sjávarútvegi sem er í færum til að fjárfesta. Með þessum orðum er ekki verið að segja að strandveiðar séu óþarfar, eða ógagnlegar, en þær mega ekki verða til þess að sjávarútvegurinn í heild líði fyrir þær.

Varðandi fyrirkomulag strandveiða almennt þá hefur aldrei staðið til að um trygg fiskveiðiréttindi yrði að ræða. Engin rök standa til að aflaheimildir vegna strandveiða aukist í hlutfalli við heildar-afla. Hvati eykst til fjölgunar báta.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til að mæta á fund nefndarinnar og ræða athugasemdirnar nánar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi


Jón Kristinn Sverrisson

Kristján Þórarinnsson

Strandveiðifrumvarp með / án forgjafar.

Komið þið sæl.

Þá er komið út enn eitt frumvarp, sem ég held að sé alveg kol ómuglegt og sé bara afturför og ekki fallið til sátta um íslenskan sjávarútveg.

TILLÖGUR.

1.) Leyft verður að róa á sunnudögum til og með Föstudegi ef þurfa þykir á svæði A,B,C,D, í Maí, Júní, júlí, Ágúst .

Þar sem t,d þeir sem róa fyrir suðurströndinni ,Faxaflóa og f,l stöðum eru að veiða fyrir opnu úthafi og hafa ekki sömu möguleika og aðrir staðir sem hafa firði og flóa til að stunda veiðar þegar veður eru válynd. Það kemur oft fyrir að það er einmuna blíða hér fyrir opinni suðurströndinni um helgar og kemur fyrir að þetta er kannski besti dagur vikunnar(sunnudagur) og bræla virka veiðidaga. Vek athygli á því að Sunnudags afli er þá seldur á mánudegi eins og afli aðra daga sem er seldur daginn eftir og Föstudagsafli er þá í flestum tilfellum seldur í fyrirfram sölu á mörkuðum ,sem getur henntað öðru megin á landinu þó það henti ekki hinu megin á landinu í það skiptið og aflin jafnast út á milli svæða, þannig að það þarf ekki að vera of mikið framboð þann dag frekar en annan þegar menn geta valið sér blíðu dag á viðkomandi svæði.

2.)Ráðherra sjái til þess að úthlutað verði á viðkomandi svæði A,B,C,D, þeim afla sem til þarf til að viðkomandi bátur geti lokið sínum 4 dögum í hverri viku Maí,Júní ,Júlí, Ágúst, sem menn hafa verið að ná.

Til vara tryggir ráðherra nægar aflaheimildir til að allir sem sækja um strandveiðileyfi verði tryggðir 12 dagar í mánuði á hvern bát, Maí, júní, júlí, Ágúst, sama hvaða landsvæði er um að ræða og ráði hver og einn hvenær hann sækir sína daga.

3.)Landaður afli í Ufsa telji sem meðafli og telji ekki til Strandveiðiafla.

Vek athygli á að verð fyrir ca 4-6 tonn af Ufsa samsvara einu tonni af Þorski í sölu á mörkuðum um þessar mundir og er enginn að fara að ná því á þessum klukkustundum sem viðkomandi hefur til að vera á sjó per dag. Ef einhver sér sér hag í því að veiða einhver Ufsakíló þá er ekki verið að veiða þorsk á meðan nema hinir sem geta verið að veiða þorsk þann daginn sem bitnar á hinum sem er að veiða Ufsa.

Það er nóg af ónýttum heimildum í Ufsa ár hvert sem falla ónýttar niður og þarf þar af leiðandi **ekki** að teljast sem Hafróafli (vs) afli.

Auðlindargjald af því gæti verið ca 4,3% af seldum afla og væri tekið af sölu á markaði.

4.) Við skoðun báta verði skylt að hafa um borð þar til gerð ruslaílát að lágmarki 0,15 rúmmetrar eða stærra ef þurfa þykir fyrir báta að 15 tonnum fyrir plast og annan úrgang og skylt að koma með það að landi til förgunar í þar til gerðum sorpílátum .

Sjórinn er fullur af fiski og hef ég aldrei séð annað eins af fiski síðustu 3-4 ár og er ég búinn að vera við þetta frá því fyrir daga kvótakerfisins eða upp úr 1970.Það er ekki vandamálið ,frekar að það fari að verða of mikið af fiski. Það er nú bara verið að tala um nokkur kíló af

fiski í heildarmyndinni ,ef það er frekar til að skapa meiri sátt um kerfin sem við þurfum að vinna eftir.

Þetta er nú ekki meiri afli til leiðréttingar en svo sem góður afli tveggja frystitogara í einn mánuð fyrir alla þessa ca 600 báta.

Ef einhver veit ekki hvernig þetta var fyrsta árið sem var úthlutað í þetta kerfi þá var það allt tekið utan aflamarks. Síðan var það tekið af þeim og þar af leiðandi mér sem hafði verið að fjárfesta og kaupa aflamark og minnkaði þar af leiðandi mín og annara úthlutun.

Miðað við að úthlutun var tekin utan aflamarks fyrsta árið og þorsstofninn hefur bara stækkað síðan ,ætti að vera svigrúm til að allir landshlutar gætu setið við sama borð í þessum efnum og menn stundað þetta í sinni heimabyggð.

Það háttar nú samt þannig til að til dæmis hér í Vestmannaeyjum er þorskur farinn af veiðislóðinni í Júlí og Ágúst og hafa menn verið þá að leita sér að Ufsa til að fá eitthvað upp í kostnað. Oftar en ekki hafa menn ekki náð skamtinum sínum þó að um ufsa sé að ræða . Fyrir norðausturlandi kemur fiskurinn aðallega í Júlí og Ágúst og er það þá þeirra aðal veiðitími.

Kannski væri það einhver sárabót og lausn að það yrði leyft að veiða ufsa frjálst utan aflamarks sem settur yrði í frjálsa sölu á fiskmarkaði með hámark 25% þorski sem meðafla í hverri veiðiferð , eitthvað að Norskri fyrirmynd . En En það er ekki gott að vera alltaf að gera hlutina erfiða og á ekki að vera okkar hlutverk í lífinu.

Tel að þessar litlu breytingar sem ég hef lagt til hér geti sætt öll sjónarmið og alla sem stunda þetta allt í kring um landið og ætti að geta verið pólitýsk sátt um þetta í þinginu og öllum liðið betur í hjarta sínu á eftir og gæti verið til framtíðar. En En það er kannski ekki ætlunin með þessu frumvarpi og leikurinn til þess gerður.

Þetta virðist nú vera meira hagsmunamál hver eigi að fá að veiða fiskinn eins og þetta lítur út núna.

Það heitir í golfi að menn hafi mismunandi forgjöf eftir gæðum spilarans.

Þetta frumvarp heitir á íslensku að vera með /án forgjafar í ólímpýskum veiðum.

Hér koma all flestar lægðir upp að suðurströnd Íslands og hverrgi verra að gera út smábát á Íslandi en hér í Vestmannaeyjum og tala af mikilli reynslu í þeim efnum og hef líka gert út smábát og róið frá Vestfjörðum, norðurlandi og inni í Breiðafirði fjölda mörg sumur eða frá árinu 1997 til ársins 2005 á smábát og þekki alveg mismuninn á því og róa annarstaðar.

Það vaknar sú spurning hvort Ríkissjóður ætli að fara að styrkja þessar útgerðir sem eru settar skör lægra, með því að fara að borga flutning á bátunum á annað landssvæði og borga ferðakostnað hvernar fjölskyldu í hverri viku til og frá heimili sínu milli landsvæða þar sem afli er mestur.

Það getur ekki verið góð lausn að allir fari með báta sína á svæði A (Vestfirðirtil) að berjast um þessi fáu kíló sem má veiða. Þá er betra að hafa kerfið óbreytt.

Veit nú ekki hvernig þetta frumvarp er til komið .

Það væri gott að upplýsa um það við hvaða hagsmunaaðila var haft samráð við um þetta frumvarp sem nú liggur fyrir ,eða kom einhver með þetta að eigin geðþótta án samráðs við þá er málið varðar?. Óska bara eftir fullum svörum við því.

Trúi því ekki fyrr en ég tek á því að það séu þingmenn eða ráðamenn þessarar ríkisstjórnar sem smíða svona frumvarp í einhverri pólitískri skiptimynt fyrir eitthvað annað og séu að reyna að endurvekja kerfi sem stjórnvöld, þar með taldir sömu stjórnsmálaflokkar og aflögðu svona útgáfu fyrir nokkrum árum. Nú er sem sagt ætlunin að endurvekja upp gamla drauga, með tilheyrandi kostnaði fyrir þessar útgerðir, sem

skornir voru úr snörinni á sínum tíma, smíðandi nýja báta,hægri / vinstri, hraðskreiða báta og skuldsetja sig upp í rjáfur.

Ef nauðsýnlegt þykir að gera einhverja tilraun á kerfinu sem í frumvarpinu felast væri kannski rétt að gera hana á svæði A og setja í það ca 500-700 tonn.

Hollt og gott væri öllum sem að þessu máli koma, að setja sig aðeins inn í málin.

Þetta eru ekki nein geimvísindi, þetta eru nú allt mannana verk.

Vestmannaeyjar 4 Apríl 2018

Bestu kveðjur

Sigurður Hlöðversson Hlödda ve 98 ,Ödda ve

93. Vestmannaeyjar.

sigurdurhlo@gmail.com



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2018.

Efni: 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

Þann 26. apríl síðastliðinn samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 116/2006. Breytingin felur í sér að við bætist bráðabirgðaákvæði er varðar strandveiðar.

Í þessu bráðabirgðaákvæði laganna er strandveiðiskipum heimilað að landa ufsa, allt að 700 tonnum, án þess að hann teljist til hámarksafla við strandveiðarnar. Sambærilegt ákvæði er í lögnum varðandi þau skip sem hafa annars konar veiðileyfi en strandveiðileyfi. Er þar verið að vísa til 9. mgr. 11. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Hins vegar er sjómönnum verulega mismunað eftir því hvort um strandveiðileyfi er að ræða eða annars konar veiðileyfi.


Útgerð skipa með strandveiðileyfi fær til sín 80% af andvirði ufsaaflans sem landað er án þess að aflinn teljist til hámarksafla. Strandveiðisjómenn eru eigendur skipanna sem þær veiðar stunda. Samkvæmt 9. mgr. 11. greinar um stjórn fiskveiða fá hins vegar skipverjar, sem almennt eru launamenn, aðeins 20% af andvirði aflans til hlutaskipta. Alþingi þykir sem sagt í lagi að skerða laun sjómanna sem eru launamenn um 80% ákveði útgerð eða skipstjóri að landa afla þannig að hann teljist ekki til aflamarks sbr. 9. mgr. 11. greinar laganna. Ef hins vegar er um eiganda báts að ræða sem stundar strandveiðar þá er launaskerðingin aðeins 20%.

Sjómannasamband Íslands fer þess á leit að 9. mgr. 11. greinar laganna um stjórn fiskveiða verði í ljósi framangreinds lagfærð þannig að jafnræðis sé gætt. Vissulega ættu launamenn ekki að skaðast þó útgerðarmaður ákveði að landa afla þannig að hann teljist ekki til aflamarks eða hámarksafla. Alþingi hefur ekki leyfi að mati Sjómannasambands Íslands til að grípa þannig inn í gildandi kjarasamninga.

Því leggur Sjómannasamband Íslands til að Atvinnuveganefnd Alþingis og ráðherra sjávarútvegsmála beiti sér fyrir sanngjarnri lausn þannig að 10. mgr. 11. greinar laganna orðist með eftirfarandi hætti:

„Sé heimild 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerðin fá 80% af andvirði selda afla, en laun sjómanna skulu reiknuð út frá heildaraflaverðmætinu samkvæmt kjarasamningum þar um.“

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Samrit sent til: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Umsögn Snæfells, félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar). Þingskjal 611 löggjafarþing 2017-2018

Dagsetning 28.03.2018

Stjórn Snæfells telur þær breytingar sem um ræðir í frumvarpinu mjög til bóta fyrir útgerð strandveiðibáta.

Öryggismál: Að geta valið úr góðviðrisdaga í stað þess að vera í keppni við tímann í vondum veðrum með að ná afla áður en aðrir klára úr pottinum er gríðarleg breyting til hins betra hvað öryggi smábátasjómannanna varðar.

Umgengni við auðlindina: Með því að geta valið sér góðviðrisdagana minnka líkur á að menn séu að veiða upp við land og komi með lélegt og verðlaust hráefni í land. Menn munu geta sótt dýpra og skilað betri afla.

Álag á fiskmarkaði: Búast má við að álag á fiskmarkaði muni dreifast yfir mánuðinn frekar en það sem hefur verið þegar álagið hefur verið mest í byrjun mánaðar. Þar af leiðandi má búast við jafnara framboði og minni sveiflum í verði.

Fyrir hönd Snæfells

Örvar Marteinson



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Atvinnuveganefnd
b.t. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Snæfellsbær, 12. apríl 2018
Tilv. bréfs 30710

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 11. apríl 2018, var tekið fyrir meðfylgjandi bréf Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi varðandi breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun (strandveiðar) nr. 116/2006.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur undir umsögnina, og þá sérstaklega hvað varðar öryggi sjómanna við strandveiðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari



Til sveitarstjórna á Snæfellsnesi

Umsögn Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar).

Stjórn Snæfells hvetur og brýnir sveitarstjórnir á Snæfellsnesi til að þrýsta á alþingi og ráðherra um samþykkt ofangreinds frumvarps.

Stjórn Snæfells telur þær breytingar sem um ræðir í frumvarpinu mjög til bóta fyrir útgerð strandveiðibáta.

Hagsmunir Snæfellinga: Búast má við að landaður afli yfir sumartímenn aukist töluvert á Snæfellsnesi og almennt á strandveiðisvæði A. Þannig er það hagsmunamál fyrir hafnir og sveitarfélög á svæðinu að frumvarpið verði að veruleika.

Öryggismál: Að geta valið úr góðviðrisdaga í stað þess að vera í keppni við tímenn í vondum veðrum með að ná afla áður en aðrir klára úr pottinum er gríðarleg breyting til hins betra hvað öryggi smábátasjómannna varðar.

Umgengni við auðlindina: Með því að geta valið sér góðviðrisdagana minnka líkur á að menn séu að veiða upp við land og komi með lélegt og verðlaust hráefni í land. Menn munu geta sótt dýpra og skilað betri afla.

Álag á fiskmarkaði: Búast má við að álag á fiskmarkaði muni dreifast yfir mánuðinn frekar en það sem hefur verið þegar álagið hefur verið mest í byrjun mánaðar. Þar af leiðandi má búast við jafnara framboði og minni sveiflum í verði.

Fyrir hönd Snæfells

Örvar Marteinson



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Atvinnuveganefnd Alþingis
Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Strandabyggð 18/4/2018

Umsögn um 429. mál, 148. löggjafabings, Stjórn fiskveiða – Strandveiðar.

Ályktun frá sveitarstjórnar Strandabyggðar

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur fjallað um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða – strandveiðar og gerir eftirfarandi ályktun:

Sveitarstjórn Strandabyggðar tekur heilshugar undir ályktun og greinargerð sem sveitarstjórn Skagastrandar sendi frá sér þann 4/4/2018 vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða – strandveiða, og vill gera þau orð að sínum, enda sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaga við Húnaflóa.

Sveitarfélagi Strandabyggð er í mikilli varnarbaráttu þar sem íbúum hefur fækkað um 13% síðustu 5 árin. Strandveiðar skipa stóran sess í fábreyttu atvinnulífi svæðisins og skipta sveitarfélagið miklu máli. Öll skerðing strandveiða á svæðinu hefði verulega neikvæð áhrif á byggðaþróun á svæðinu.

Jákvæðum þáttum frumvarpsins ber að fagna, s.s. því að leitast er við að auka öryggi, jafnræði og efla strandveiðikerfið í heild. Einnig er það jákvætt að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir auknum aflaheimildum inn í kerfið og jafnframt litið til aukins frjálsræðis við val á veiðidögum.

Hinsvegar eru þeir neikvæðu þættir sem sveitarstjórn leggst alfarið gegn, s.s. þeim hugmyndum um að landið sé allt einn kvótapottur fyrir strandveiðar þar sem Fiskistofa hafi heimildir til að stöðva veiðar þegar heildarmagni er náð. Slíkt myndi hafa áhrif á hvaðan strandveiðar eru stundaðar og gæti kippt rekstrargrundvelli undan ákveðnum höfnum og fiskmörkuðum, sérstaklega við Húnaflóann. Upphaflegt markmið strandveiða var að styrkja sjávarbyggðir, þessar tillögur fara gegn því markmiði.

Sveitarstjórn Strandabyggðar skorar á sjávarútvegsráðherra að líta til þeirra sjónarmiða sem koma fram í ályktun og greinargerð sveitarstjórnar Skagastrandar. Tilraunastarfsemi ríkisvaldsins má ekki vera á kostnað lítilla fyrirtækja, sjávarbyggðanna og fólksins sem byggir landið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Strandabyggðar,

Andrea K. Jónsdóttir
sveitarstjóri

Patreksfjörður 2.4.2018

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandasýslu

Varðar umsögn um:

429. mál, lagafrumvarp

148. löggjafarþing 2017–2018

Þingjaskjal 611 frumvarp flutt af atvinnuveganefnd.

Strandveiðifélagið Krókur styður frumvarpið, en vill áréttta að eftirtalðar breytingar þyrfti á því að gera til að almenn sátt og fylgi náist við frumvarpið, og að raunverulega náist fram þær umbætur er snúa að öryggisþætti, nýliðunarmöguleikum og löndun ufsa sem meðafla:

- Að tryggja nægjanlegar aflaheimildir til strandveiðikerfisins svo ekki komi til stöðvunar veiða fyrr en eftir a.m.k. 48 veiðidaga (12 daga í mánuði; maí – ágúst).
- Að afnema viku- og rauðra- dagatakmarkanir með öllu, þar sem 4 dagar í viku eru nægar takmarkanir og skilar raunverulegum möguleika til að “róa eftir veðri” og dreifir sókn betur þar sem sum fyrirtæki geta tekið við fiski á sunnudögum og eða mánudagsmorgnum. Þetta fyrirkomulag mundi auka möguleika strandveiðisjómana til að sækja betri mið og þá verðmeiri fisk frekar en að aukist nýting daganna í heildarafla.
- Að ufsinn þurfi ekki að landast sem VS afla og að hann teljist ekki til hámarksafla. Ef árangur á að nást þegar hægt er að sækja einhvern ufsa um leið og sótt er í þorsk, þarf sú vinna að skila einhverjum hagnaði, en löndun ufsans sem VS skilar engu eftir gjöld og kostnað.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 17. apríl 2018
nr. erindis 1804002

Varðar framfrumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar). Mál 429 á Þingskjali 611.

Á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 11. apríl 2018 var tekin til afgreiðslu; umsögn Snæfells, félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar).

Gerð var svofelld samþykkt sem var afgreidd samhljóða í bæjarráði og staðfest í bæjarstjórn:

„Bæjarráð samþykkir að skora á alþingismenn að taka tillit til athugasemda og tillagna í umsögn Snæfells félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi, um framfrumvarp til laga um breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar).“

Þessari samþykkt er hér með komið á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Sturla Böðvarsson,
Bæjarstjóri.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Atvinnuveganefnd Alþingis
Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Skagaströnd, 4. apríl 2018

Umsögn um 429. mál, 148. löggjafarþings Stjórn fiskveiða – strandveiðar.

Ályktun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Skagastrandar tók til umfjöllunar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða – strandveiðar, á fundi sínum 3. apríl 2018. Svohljóðandi ályktun var samþykkt:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar fagnar tilkomu nýs frumvarps atvinnuveganefndar um strandveiðar enda er þar leitast við að auka öryggi, jafnræði og efla strandveiðikerfið í heild. Jákvætt er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum aflaheimildum í kerfið og litið er til aukins frjálsræðis hvað varðar val á veiðidögum. Báðir þessir þættir munu styrkja samfélög við Húnaflóa.

Sveitarstjórn leggst hins vegar alfarið gegn þeim hugmyndum frumvarpsins er lúta að því að hafa landið allt sem einn kvótapott fyrir strandveiðar þar sem Fiskistofa hafi svo heimildir til þess að stöðva veiðar þegar heildarmagni er náð. Slíkar breytingar munu valda miklum tilfærslum á því hvar strandveiðar munu verða stundaðar og því stórlega veikja margar fiskihafnir og hreinlega ógna rekstargrundvelli fiskmarkaða meðal annars við Húnaflóa. Að því leyti fer frumvarpið gegn upphaflegu markmiði með strandveiðum þar sem leitast var við að styrkja sjávarbyggðir.

Sveitarstjórn skorar á sjávarútvegsráðherra að halda áfram að skilgreina ákveðið magn til einstakra svæða eins og verið hefur en leitast við að ná fram jöfnuði í aflaverðmætum á milli svæða með því að láta aukningu aflamagns skila sér hlutfallslega hærra inn á svæði þar sem meðalaflaverðmæti hefur verið lægra. Að öðrum kosti verður sjávarútvegsráðherra að tryggja öllum bátum á öllum svæðum að lágmarki 48 veiðidaga óháð aflamagni sem slíkar veiðar myndu leiða af sér.

Sveitarstjórn telur með öllu ófært að ríkisvaldið standi fyrir tilraunastarfsemi með fiskveiðikerfi eins og strandveiðar án þess að taka sjálft ábyrgð á afleiðingum þeirra breytinga. Sjávarbyggðir og smærri fyrirtæki eiga ekki að þurfa að taka á sig afleiðingar slíkra tilrauna.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Greinargerð:

Sveitarstjórn lítur svo á að frumvarpið geti haft bæði jákvæð áhrif og neikvæð verði það að lögum óbreytt.

Jákvæðir þættir:

- Aukning á aflaheimildum
- Meira frjálsræði með val á veiðidögum

Neikvæðir þættir:

- Tilflutningur á veiði inn á svæði A (auðvelt að rökstyðja)
- Hugmyndir um aukið öryggi munu að óbreyttu ekki ná fram að ganga.

Ef litið er nánar á það sem getur virkað neikvætt og ástæða er til að vara við: Í lögum um fiskveiðar nr. 116/2006 segir í 2. mgr. 6. gr.;

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á [tímabil] ²⁾ og landsvæði. Þá skal [Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum] ³⁾ stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers [tímabils] ²⁾ verði náð.

Ekki er með frumvarpinu gert ráð fyrir að aflétta skyldu ráðherra til að kveða á um skiptingu landssvæða og aflaheimilda en á hinn bóginn gert ráð fyrir að strandveiðar á landinu öllu verði stöðvaðar í einu ef heildarafli til strandveiða hefur verið veiddur. Þetta hljóta að vera óskýr skilaboð til ráðherra um hvernig skuli bregðast við lagaákvæðum með reglugerðarsetningu en verður þó ekki skilið öðruvísi en að landið verði allt eitt strandveiðisvæði og samkeppni milli landshluta um hlutdeild í strandveiðkvótanum muni stórukast.

Í greinargerð með frumvarpinu er það talið einn af helstu kostum þess að það dragi úr „ólympískum“ veiðum. Þar segir:

Breytingin sem hér er lögð til felur einnig í sér aðgerð til að auka öryggi sjómanna á strandveiðibátum. Sá ágalli hefur verið á gildandi fyrirkomulagi að veiðarnar hafa verið það sem kallað er „ólympískar“ sem birtist í því að sjómenn hafa keppst um að ná þeim afla sem heimilt er á sem skemmstum tíma og áður en aflaheimildin yrði upp urin. Þetta hefur leitt til þess að stundum hafa menn róið á minni bátum þótt ekki viðraði til þess og fylgir því að sjálfsögðu aukin slysaþætta. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til ætti að draga mjög úr hvata til „ólympískrar“ sóknar og þar með slysaþættu.

Það liggur í augum uppi að með því að setja öll veiðisvæðin undir einn strandveiðikvóta mun samkeppnin um hlutdeild í honum stórukast og frumvarpið



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

mun hafa þau áhrif að þau svæði sem eru betur sett veðurfarslega eða þar sem fiskur gengur fyrir inn á veiðisvæði munu ná aukinni hlutdeild. Það mun aftur stórauka sókn á fyrri hluta veiðitímans í öllum veðrum og lengra út og á þann hátt verða „ólympískar“ í eðli sínu. Það verður því ekki annað ráðið af þeim breytingum sem boðaðar eru með frumvarpinu en ætlunin sé að ná stóraukinni hlutdeild til þeirra sjávarbyggða sem eru betur sett hvað varðar veiðisvæði og fiskgengd fyrir á sumri á kostnað hinna. Á slík sjónarmið er ekki hægt að fallast.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um markmið frumvarpsins:

Markmið frumvarpsins er að bæta umhverfi strandveiða og hverfa frá innbyggðum þætti þess sem skapar aukna áhættu til veiða. Horfið verði frá því að loka svæðum í hverjum mánuði þegar ætluðu veiðimagni er náð. Uppsafnaðri spennu eins og myndast í hverjum mánuði verði eytt. Sem dæmi má nefna að í ágúst 2016 var aðeins heimilt að stunda veiðar í örfáa daga á hverju veiðisvæði.


Eins og áður hefur verið bent á þá er fullljóst að með því að gera landið allt að einu veiðisvæði mun ásóknin og aukin áhætta einungis færast framár á sumarið þar sem allir keppast við að ná sem mestu áður en allt klárast. Í stað þess að skapa jafnvægi mun það frekar raskast.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Eftirfarandi upplýsingar eru unnar upp úr eða teknar beint úr nýlegri skýrslu Háskólans á Akureyri um strandveiðar:



Tafla 32. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði B eftir árum.

Taflan sýnir afla í tonnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði B á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, afla og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði B	Afli á bát	Þorskaflí á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Afli hver róður	Þorskaflí hvern róður	Aflverðmæti róðurs
2009	7,8	6,2	1.554.067	14,6	533,3	424,2	106.552
2010	9,1	7,2	2.424.604	17,1	533,8	418,2	141.464
2011	14,1	11,8	3.728.503	25,7	547,6	460,8	145.214
2012	12,8	10,9	3.678.116	22,9	557,6	473,4	160.343
2013	14,3	13,3	3.658.967	25,7	555,5	515,0	142.105
2014	15,1	14,0	4.087.830	27,4	549,4	511,1	148.958
2015	14,9	13,3	3.964.514	26,1	572,7	511,3	152.025
2016	14,1	13,1	3.511.952	25,1	564,2	523,9	140.102
2017	16,4	15,5	3.201.459	28,5	574,5	541,6	112.142



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Tafla 31. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði A eftir árum.

Taflan sýnir afla í tonnnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði A á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, afla og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði A	Afli á bát	Þorskaflí á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Afli hvern róður	Þorskaflí hvern róður	Aflaverðmæti róðurs
2009	8,21	7,81	1.782.140	12,81	640,8	609,4	139.118
2010	8,96	8,43	2.551.456	13,74	652,1	613,4	185.660
2011	11,38	10,52	3.105.718	18,34	620,7	573,6	169.378
2012	10,24	9,69	3.055.070	16,89	606,4	573,7	180.880
2013	11,59	10,86	2.960.528	21,54	538,0	503,9	137.418
2014	12,12	11,61	3.312.431	20,70	585,6	560,6	160.008
2015	12,76	12,06	3.445.863	20,87	611,5	577,9	165.089
2016	13,04	12,71	3.294.186	18,11	720,0	701,7	181.879
2017	16,28	16,00	3.203.442	24,37	668,1	656,7	131.474

Tafla 22. Fjarvera frá veiðum.

Taflan sýnir fjarveru frá strandveiðum vegna veðurs, bilana eða annarra skuldbindinga í dögum talið á árinu 2017.

Fjarvera vegna veðurs	A	B	C	D	Allt landið
0-5 dagar	69,3%	23,9%	34,9%	9,1%	42,2%
6-10 dagar	28,1%	31,3%	32,6%	22,7%	28,9%
Fleiri en 10 dagar	2,6%	44,8%	32,6%	68,2%	28,9%


Mikil óánægja hefur verið með afladreifinguna á svæði A þar sem strandveiðisjómenn á því svæði hafa þurft að horfa upp á önnur svæði standa opin mun lengur en þeirra svæði. Á móti kemur að ekkert hinna svæðanna er betur til þess fallið að stunda veiðar innan kerfisins. Veiðitímabilið er sniðið fyrir maí-ágúst og auðvelt er að finna skjól innan fjarða Vestfjarða eða sunnan og norðan megin við Snæfellsnes ef veður verða válynd. Góð fiskimið eru yfirleitt skammt frá flestum höfnum á svæðinu og eykur það enn á aðdráttarafl A-svæðis sökum þess hve olúkostnaður er hátt hlutfall af kostnaði við rekstur strandveiðiútgerðar.

Afli er mestur að meðaltali á hvern róður á svæði A og þorskaflí á hvern róður sömuleiðis. Meðalfjöldi róðra á hvern bát hefur alltaf verið minnstur á hverju ári á svæði A en vegna þess hversu fáa róðra menn á svæði A fá hafa þeir ekki verið meðal þeirra aflahæstu eða þeirra sem skilað hafa hvað mestum aflaverðmætum yfir tímabilið.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd



Mynd 17. Viðhorf útgerðarmanna til núverandi strandveiðikerfis.

Árlegur dagafjöldi báta á mismunandi svæðum dreifist með svipuðum hætti (mynd 4). Fæstir dagar standa veiðimönnum á svæði A til boða enda fiskast yfirleitt best á því svæði, sjómenn eru flestir á þessu svæði og styttra í miðin en á hinum svæðunum. Strandveiðimenn á svæði B hafa að jafnaði fengið næstfæsta daga til að stunda veiðar á árunum 2009-2017. Erfiðlegast gengur að veiða á þessu svæði í maímánuði en fljótlega í júní gengur þorskurinn norður fyrir land og þá liðkast um fyrir veiðum þar. Frá því 2013 hefur dagafjöldi á svæðum C og D verið nálægt hámarki þeirra daga sem mögulegir eru, ef frá er talið árið 2016 þegar strandveiðibátum fjölgaði mjög og afli var skertur á svæði D (mynd 4).

Fyrir hönd sveitarstjórnar

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Smábátafélagið Sæljón á Akranesi

9.4.2018

Stjórn Smábátafélagsins Sæljóns á Akranesi mótmælir harðlega frumvarpi atvinnumálanefndar um breytingu strandveiðikerfisins nr. 116/2006

Það ætti öllum aðilum að vera ljóst sem reynslu hafa af strandveiðum hvort það eru þeir sem að reglusetningu koma eða þeirra sem veiðarnar stunda að góður ásetningur með þessu frumvarpi um að minnka ágalla mun engan vegin nást. Það jafnræði sem gilt hefur á milli svæða er ógnað, mismunun á milli svæðanna mun stór aukast:

Með því að lokanir verða ekki svæðisskiptar þegar að skilgreindum heildarafla er náð leiðir einfaldlega til þess að mun fleiri munu sækja á það svæði sem mestan afla hefur gefið og mun gefa. Dagafjöldi til veiða í Faxaflóa mun fækka frá því sem verið hefur og afli minnka.

Að sjálfsögðu er tekið undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að strandveiðarnar hafi reynst heilladrjúg nýbreytni innan stjórnkerfis fiskveiða. Það skal vera öllum ljóst að það er komið til þess að vera. Að þróa það áfram er nauðsynlegt en vandasamt verk. Til þess þarf kjark og þor. Ef þetta frumvarp, eins og orðanna hljóðan þess er, eigi í raun og veru að ná tilgangi sínum og jafnræðis gætt þarf að skoða kerfið miklu dýpra t.d. með því að strandveiðitímabilið (fjórir mánuðir) byrji og ljúki á mismundandi tíma á milli svæða út frá eðli fiskgengdar á grunnslóðum við landið.

Sæljón hvetur stjórnvöld til þess að efla strandveiðikerfið. Ráðstöfunarréttur þeirra sem með aflaheimildir fara er tímabundinn. Það er stjórnvalda að ákveða reglur ráðstöfunarinnar. Allt útlit er til þess að aflaheimildir á þorski munu aukast í náinni framtíð því ætti stjórnvöldum að reynast það ljúft og skylt að efla þessa heilladrjúgu nýbreytni innan stjórnkerfis fiskveiða.

(Ef það á að skilja þetta svo að á öllum svæðunum verði veiðar stöðvaðar eftir 12 veiðiferðir hvort sem menn hafa náð heildarviðmiðuninni í mánuðinum eða ekki mun það virka til skerðingar á svæði D. Þar hafa menn róið mun fleiri daga en 12 í júní og júlí. Þar eru menn sjaldan með fullan skammt en bæta það upp með fleiri róðrum. Í maí hafa margir dagar fallið út vegna gæftaleysis og í ágúst er lítið að hafa.)

Kæru nefndarmenn,

Smábátaútgerðir á Ströndum eru í afneitun og trúa því ekki að þetta frumvarp verði að veruleika. Enda telja einhverjir þetta vera dauðadóm fyrir strandveiðar og fiskmarkaði í Húnaflóa.

Prinsippið er nokkuð einfalt. Allir reyndir sjómenn vita að fiskurinn ferðast á milli landsvæða eftir árstíma. Í gamla daga voru menn taldir stórfurðulegir ef þeir fóru á færaveiðar fyrir miðjan júní í Húnaflóa. Fiskurinn veiðist á Vesturlandi og á Vestanverðum Vestfjörðum í maí og júní (svo kölluðu A-svæði). Síðan færir fiskurinn sig smám saman eftir norðanverðum Vestfjörðum, inn í Húnaflóa og Norðurland (B-svæði). Í maí og júní veiðist lítið sem ekkert á handfæri í Húnaflóa, þar sem sjórinn er þá mjög dökkur af einhverskonar átu og fiskurinn tekur ekki á handfærslóða. Í raun er heldur enginn fiskur hérna á þessum árstíma, nema þá staðbundinn, þaraleginn og ormétinn þorskur sem eyðileggur orðspor fiskmarkaða hér og enginn vill í raun veiða. Verðin sem fást fyrir þennan lélega innfjarðafisk eru skelfilega léleg og það tekur nokkrar vikur að vinna upp traust kaupanda þegar að betri fiskur fer að veiðast í júlí og ágúst. Til að komast í betri fisk í maí og júní, þá neyðast smábátar á Ströndum og Húnaflóa að stíma (sigla) fram og til baka á þínu litlum koppum í 5-10 klst (langt norður fyrir Hornbjarg). Hins vegar er sjórinn orðinn tær í júlí og byrjaður að hlýna. Þá er þessi „far-fiskur“ kominn inn í Húnaflóa, veiðin fer að glæðast og er í raun ljómandi góð út haustmánuði, enda eru veðurstillur hér of miklar á hausinn en hættuleg norðaustan áttin er ríkjandi snemmsumars.

Síðustu sumur hafa strandveiðarnar verið hólfaskiptar, þar sem hvert hólf fær úthlutaðan kvóta til að keppa um innbyrðis. Þannig er sanngirni gætt með tilliti til mismunandi veiðigetu hólfanna eftir árstíma. Í raun væri best ef úthlutun tæki mið af þörfum svæðanna, t.d. að B-hólfið mætti veiða júní-sept og A hólfið apríl-júlí sem væri mögulega hentugra fyrir þá líka. Rök fræðimanna er að þetta ætti að jafnast út yfir heildartímabilið, en það gerir það einmitt alls ekki.

Nýja frumvarpið snýr að því að tryggja 12 daga og 770 kg af óslægðum á hvern bát, þar sem heildarafli verði 11.200 tonn í 48 daga og tímabilið byrjar 1. maí. Þessir 48 dagar eru því einmitt á versta tíma fyrir B-svæðið, þ.e. þegar fiskurinn er ekki kominn inn á svæðið, nema lélegt verðlág rusl. Það sem er enn alvarlegra, er að nýja frumvarpið leggur til að öll svæðisbundin kvótaúthlutun sé afnuminn og að allt landið muni keppa um sama heildarafla frá 1. maí og réttlæta það á þeim forsendum að bætt verði 2000 tonnum við heildaraflann. Því miður skekkir þetta samkeppnisstöðu svæðisins, því fiskurinn er ekki hér fyrstu mánuðina. Það sem líklega mun gerast er tvennt; að enn fleiri bátar skrá sig á strandveiðar á vesturlandinu og klára pottinn fyrstu mánuðina á meðan fiskurinn er enn nálægt þeirra heimahöfn. Húnaflóabátarnir hafa þá tvo valkosti; annað hvort að skaka í lélegum fiski og vona að eitthvað verði eftir af aflaheimildinni þegar að fiskurinn kemur hingað (sem mögulega verður ekki) eða þá að þeir verða að taka þátt í slagnum á Vesturlandi með því að flytja bátana frá sínum heimasvæðum, fara á vertíð og gera út á Vesturlandi. Þar með er fisknum ekki landað í heimahöfnum Húnaflóa. Fiskmarkaðir Húnaflóa eru þar með útilokaðar og fiskvinnslur þurfa að sækja fiskinn enn lengra. Í raun gæri þetta verið reiðarslag fyrir lítil sjávarþorp eins og Norðurfjörð, Drangnes, Hólmavík, Skagaströnd o.fl.

Með ofangreindum útskýringum þá vona ég að ég hafi gefið innsýn inn í áhyggjur manna á Ströndum. Skoðun þeirra er sú að frumvarpið miði að því að fjölga dögum hjá A svæðinu, en því miður er það gert á kostnað annara svæða og þá sérstaklega þeirra sem hafa verri aðgang að fiskimiðum í byrjun tímabilsins. Eins og þetta lítur út fyrir okkur Strandamönnum, þá fjölga dögum svæðis A um helming. Það að potturinn stækki í heild um þessi 2000 tonn er mögulega gagnlaust fyrir B-svæðið á meðan að landið telur sem aðeins 1 svæði og mun að öllum líkindum reka enn fleiri af stað á A-svæði í byrjun tímabils. Veiðin á B-svæði er rétta að byrja í lok júní, en þá yrði mögulega búið að sópa upp stærsta hlutanum af aflaheimildinni. Með þessu móti er verið að útiloka Húnaflóasvæðið.

Sameiginlegur heildarpottur fyrir allt tímabilið yrði grunnfalli og myndi skekkja samkeppnisstöðu svæðanna.

Mönnum er heitt í hamsi, en þeir finna fyrir smæð sinni. Þeir segjast ekki fá áheyrn og eru talaðir í kaf af sterkari útgerðarmönnum á A svæðinu.

Mér fannst mikilvægt að koma ofangreindu álitni til skila til að varpa skýrari ljósi á afstöðu manna hér um slóðir, því þetta er í raun mjög alvarlegt mál fyrir byggðarlög Stranda og Húnaflóa í heild.

Virðingarfyllst,

*Viktoría Rán Ólafsdóttir
Kaupfélagsstjóri Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Forstöðumaður Fiskmarkaðar Hólmavíkur
Stjórnarformaður Hólmaþrangs*